

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2018**

2019/EES/98/20

frá 9. febrúar 2018

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 um breytingu á tilskipun 2003/41/EB um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða að því er varðar oftraust á lánshæfismöt <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB frá 23. júlí 2014 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 52, 27.2.2016, bls. 37.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB):

- „– **2013 L 0014:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 (Stjttíð. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 1),
- **2014 L 0091:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB frá 23. júlí 2014 (Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 186), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 52, 27.2.2016, bls. 37.“

2. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB):

„f) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018“ í staðinn fyrir orðin „18. mars 2016“ og í stað orðanna „fyrir 18. mars 2018“ koma orðin „innan tveggja ára frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018“ í 4. mgr. 23. gr.

g) Í 99. gr.:

- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“ í 2. mgr.,
- ii) að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018“ í stað orðanna „17. september 2014“ í 6. mgr.,
- iii) í 6. mgr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „viðeigandi ákvæði EES-samningsins“ í stað „viðeigandi lög Evrópusambandsins“.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 186.

3. Eftirfarandi er bætt við lið 31bb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB):

„ eins og henni var breytt með:

- **32013 L 0014:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 (Stjtið. ESB L 145, 31.5.2009, bls. 1).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB):

- „– **32013 L 0014:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB frá 21. maí 2013 (Stjtið. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/14/ESB og 2014/91/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 52, 27.2.2016, bls. 37, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem tekur tilskipun 2010/78/EB upp í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.